

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Gunnar Bjarnason, greiði 150 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dómsins, en afplánist ella í varðhaldi í 10 daga.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 15. nóvember 1943.

Nr. 85/1943. **Valdstjórnin** (Eggert Claessen)

gegn

Trausta Ólafssyni (Lárus Jóhannesson).

Brot gegn bifreiðalögum og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Dómur hæstaréttar.

Kærði tók til að aka bifreið í beinu framhaldi af neyzlu áfengis um nokkurn tíma. Samkvæmt þessu og að öðru leyti með skírskotun til forsendna héraðsdómsins ber að staðfesta hann.

Eftir þessum málsúrslitum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 150 kr. til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Kærði, Trausti Ólafsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflytningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Eggerts Claessens og Lárusar Jóhannessonar, 150 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 12. ágúst 1943.

Ár 1943, fimmtudaginn 12. ágúst, var í lögreglurétti Reykjavíkur, sem haldinn var á skrifstofu réttarins af Valdimar Stefánssyni,

fulltrúa sakadómara, uppkveðinn dómur í málinu nr. 1858/1943: Valdstjórnin gegn Trausta Ólafssyni, sem tekið var til dóms 10. sama mánaðar.

Mál þetta er af valdstjórnarinnar hálfu höfðað gegn Trausta Ólafssyni efnafræðingi, Eiriksgötu 6 hér í bæ, fyrir brot gegn áfengislögum nr. 33 9. janúar 1935, bifreiðalögum nr. 23 16. júní 1941 og lögreglusamþykkt Reykjavíkur.

Kærður er kominn yfir lögdalur sakamanna og hefur ekki, svo kunnugt sé, sætt ákæru eða refsingu:

Málavextir eru þeir, er nú skal greina: Sunnudaginn 18. október síðastliðinn kl. 2.35 voru lögregluþjónarnir Guðbrandur Þorkelsson og Ársæll Kristinn Einarsson á varðgöngu vestast í Hafnarstræti. Þá sáu þeir, að fólksflutningabifreiðinni R. 1776 var ekið ljóslausri austur Vesturgötu. Þeir stóðvuðu bifreiðina, sem kærður stýrði og var einn í, og er þeir voru að áminna kærðan, fundu þeir af honum áfengislykt. Þeir spurðu hann, hvort hann hefði neytt áfengis, og játaði hann því. Þeir fóru því með kærðan á lögreglustöðina. Þar játaði hann fyrir varðstjóranum, að hann hefði neytt áfengis um nóttina, að hann hefði verið í húsi einu við Stýrimannastíg og ekið bifreið sinni þaðan eftir Vesturgötu. Síðan var farið með kærðan á Landsspítalann og var þar tekið úr honum blóðsýnishorn, en að því loknu ók lögreglan með hann heim til hans. Blóðsýnishornið eyðilagðist í vörzlum lögreglunnar, áður en það yrði rannsakað.

Kærður skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi um kl. 20.30 á laugardag 17. október ekið í bifreiðinni heim til Guttorms Andréssonar húsameistara, Stýrimannastíg 3, en kærður og Guttormur eru kunningjar. Á heimili Guttorms dvaldi kærður svo óslitið, þar til hann ók bifreiðinni niður í miðbæinn, og lögreglan handtók hann. Hjá Guttormi drakk kærður tvo veika whiskysjússa á löngum tíma. Þegar síðari sjússinum var lokið 20 mínútum til hálf tíma áður en kærður fór af heimilinu, var honum veitt örlítil brennivinslökk í vatnsglasi, blönduð vatni. Þessa brennivinsblöndu drakk kærður, áður en hann fór, og helming hennar drakk hann í því hann var að kveðja og fara. Kærðum gekk illa að koma bifreiðinni í gang, en það telur hann hafa stafað af því, hve köld hún var orðin, og á leiðinni niður Vesturgötuna stöðvaðist vél bifreiðarinnar nokkrum sinnum. Allt þetta telur kærður hafa truflað sig svo, að sér hafi láðst að kveikja ljós bifreiðarinnar. Hann kveikti þó ljósin, í því hann fyrst setti vél bifreiðarinnar í gang, en slökkti þau strax aftur vegna þess, hve illa gekk að setja vélina í gang, og gleymdi síðan að kveikja þau aftur. Kærður neitar að hafa fundið á sér áfengisáhrif við aksturinn.

Vitnið Guðbrandur Þorkelsson lögregluþjónn hefur borið, að áfengislykt hafi verið af kærðum og hann hafi verið eins og tekinn

í andliti og rauðeygður, en hann hafi ekki reikað í spori, svo að sjáanlegt væri, og við mæli hans og það, sem hann sagði, hafi ekkert verið óeðlilegt. Kveðst vitnið af áfengislyktinni og útliti kærðs hafa ályktað, að hann hefði neytt áfengis, en segir kærðan ekki hafa verið áberandi drukkinn, en sér hafi virzt hann daufur og byngslalegur.

Vitnið Ársæll Kristinn Einarsson lögregluþjónn hefur borið, að sér hafi virzt kærður vera undir áhrifum áfengis, og réð vitnið það af því, að áfengislykt var af kærðum, hvernig hann var til augnanna og að hann ók bifreiðinni ljóslausri. Vitnið varð ekki neins óeðlilegs vart við mæli eða tal kærðs. Það getur ekki borið um, hvort kærður reikaði í spori. Vitnið Ólafur Sigurðsson, kandidat á Landsspítalanum, sem tók blóðsýnishornið úr kærðum, hefur borið, að það hafi ekki orðið vart neinna einkenna um áfengisáhrif hjá kærðum. Kveðst vitnið hvorki hafa séð slík einkenni né heyrt. Vitnið Guttormur Andrússon húsameistari, sem var með kærðum allt kvöldið, hafði neytt áfengis, áður en kærður kom á heimili þess, og var hreyfur af vini allt kvöldið. Vitnið hefur borið, að það hafi ekki tekið eftir því, að kærður kæmist undir áfengisáhrif þetta kvöld. Auk þess sem lögreglan lét taka blóðsýnishorn úr kærðum, lét kærður taka annað blóðsýnishorn úr sér á Landspítalanum ca. 20 mínútum síðar, er við rannsókn reyndist hafa áfengismagn 0.55%. Ósannað er, að kærður hafi verið undir áhrifum áfengis við akstur bifreiðariunnar, og ber því að sýkna hann af kærinni um brot gegn áfengislögunum. Með því að aka bifreiðinni rétt eftir að hann hafði neytt áfengis, telst hann hafa neytt áfengis við bifreiðarakstur í skilningi 23. gr. bifreiðalaganna og hefur því brotið þá grein, sbr. 38. gr. sömu laga. Með því að aka bifreiðinni ljóslausri hefur hann brotið 43. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 300 króna sekt til rikissjóðs, og komi varðhald í 18 daga í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Þá ber samkvæmt 39. gr. bifreiðalaganna að svipta kærðan bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærðan ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Verulegur dráttur varð á því, að verjandi kærðs skilaði vörn í máli þessu. Í fyrstu stafaði hann af önnum verjandans í sambandi við setu hans á Alþingi og veikindi á skrifstofu hans. Síðan voru málsskjölin lögð í óskyldan skjálabunka og fundust ekki fyrr en eftir langa leit. Að öðru leyti hefur rekstur málsins verið vitalaus.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Trausti Ólafsson, greiði 300 króna sekt til ríkissjóðs, og komi 18 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærður er sviptur bifreiðarstjóraréttindum í 3 mánuði frá birtingu dóms þessa.

Kærður greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda sins, hrl. Lárusar Jóhannessonar, kr. 200.00.

Dómi þessum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 17. nóvember 1943.

Kærumálið nr. 12/1943. **Sigurður Jónasson**
gegn

Hermanni Jónassyni.

Kröfu um frest hnekkt.

Dómur hæstaréttar.

Hinn áfrýjaða úrskurð hefur upp kveðið Benedikt Sigurjónsson, fulltrúi lögmanns.

Með kæru 6. þ. m., er hingað barst 9. þ. m., hefur sóknaraðili skotið til hæstaréttar úrskurði, kveðnum upp í fógetarétti Reykjavíkur 6. þ. m., þar sem honum er synjað frekari frests. Virðist sóknaraðili kæra úrskurðinn í því skyni, að hann verði úr gildi felldur og frestur veittur, en greinargerð eða kröfur hafa hæstarétti ekki borizt frá honum.

Varnaraðili krefst staðfestingar úrskurðarins og málskostnaðar fyrir hæstarétti úr hendi sóknaraðilja eftir mati dómsins.

Forsætisráðherra hefur tilkynnt varnaraðilja í bréfum 7. maí og 13. okt. þ. á., að ríkisstjórnin krefjist þess að fá forsætisráðherrabústaðinn nú þegar til sinna nota. Verður að leggja þessa yfirlýsingu forsætisráðherra til grundvallar, og á sóknaraðili því ekki rétt til frests í því skyni að leita frekari yfirlýsinga ríkisstjórnarinnar um þetta atriði.

Með þessum athugasemdum og að öðru leyti með skír-